

Úthlutunarreglur Reykhólar hses.

Almennar leiguíbúðir

Húsnæðissjálfsseignarstofnunin Reykhólar hses. er stofnuð á grundvelli laga nr. 52/2016 um almennar íbúðir.

Reykhólar hses. á og rekur þrjár íbúðir. Um er að ræða tvær þriggja herbergja ca.77 m² og eina fjögurra herbergja ca. 95 m² íbúðir að Hólatröð 5, 7 og 9, 380 Reykhólahreppi. Íbúðirnar voru afhentar í fyrsta sinn 31. júlí 2019.

Markmið Reykhóla hses. með byggingu almennra íbúða er að bæta úr brýnni þörf á auknu íbúðarhúsnæði í Reykhólahreppi og um leið bæta húsnæðisöryggi fjölskyldna og einstaklinga sem eru undir tekju- og eignamörkum skv. 10. gr. laga um almennar leiguíbúðir við upphaf leigu.

1. Umsækjandi þarf að uppfylla eftirfarandi skilyrði:

- Uppfylla kröfur um tekjuviðmið skv. 10. gr. laga um almennar íbúðir nr. 52/2016.
- Búa við ófullnægjandi húsnæðisaðstöðu eða öryggisleysi í húsnæðismálum.
- Hafa ekki möguleika á að kaupa eigið húsnæði og/eða leigja á almennum leigumarkaði án sérstakrar aðstoðar.

2. Forgangsröðun:

Reykhólar hses. forgangsraðar umsóknum sem hér segir og hafa aðilar með lögheimili í Reykhólahreppi forgang við úrvinnslu umsókna:

1. Einstaklingur með barn/börn á sínu framfæri.
2. Sambúðarfólk með barn/börn á framfæri.
3. Par í sambúð.
4. Einstaklingur.

Séu tveir eða fleiri aðilar sem uppfylla einhvern af ofangreindum forgangshópum er dregið um úthlutun.

Ef ekki næst að úthluta íbúð eftir þeim forgangi sem hér er talin upp er heimilt að leigja til umsækjanda sem er fellur ekki undir forgang. Slíkir leigusamningar skulu þó ekki vera til lengri tíma en eins árs í senn.

Umsækjandi sem uppfyllir skilyrði en fær ekki úthlutað íbúð fer ekki á biðlista nema hann óski sérstaklega eftir því. Ef íbúð losnar er haft samband við umsækjanda á biðlista í þeirri röð sem

þeir hafa raðast á hann.

3. Tekju- og eignamörk.

Við upphaf leigu almennra íbúða skulu árstekjur leigjenda ekki nema hærri fjárhæð en 5.345.000 kr. fyrir hvern einstakling en 7.484.000 kr. fyrir hjón og sambúðarfólk. Við þá fjárhæð bætast 1.336.000 kr. fyrir hvert barn eða ungmenni að 20 ára aldri sem býr á heimlinu. Með tekjum er í reglugerð þessari átt við allar tekjur samkv. II. kafla laga um tekjuskatt nr. 90/2003, samkvæmt skattframtali síðasta árs, staðfestu af ríkisskattstjóra, að teknu tilliti til frádráttar skv. 1.,3.,4. og 5. tölul. A-liðar 1. mgr. og 2. mgr. 30 gr. og frádráttar skv. 31. gr. sömu laga.

Samanlögð heildareign leigjenda almennra íbúða að frádregnum heildarskuldum við upphaf leigu, með vísan til 72. -75. gr. laga um tekjuskatt samkvæmt skattframtali síðasta árs staðfestu af ríkisskattstjóra, skal ekki nema hærri fjárhæð en 5.769.000 kr.

Leiguverð hefur verið samþykkt kr. 145.000.- á mánuði fyrir minni íbúðirnar og kr. 165.000.- á mánuði fyrir stærri íbúðina (verð eru án hita og rafmagns).

4. Umsóknarferli og úthlutun

Umsóknir um leigu almennra íbúða skulu berst rafrænt á þar til gerðu eyðublaði sem er að finna á heimasíðu Reykhólahrepps undir „Eyðublöð“. Með umsókn skal fylgja afrit afskattframtali síðasta árs og afrit af þremur síðustu launaseðlum umsækjanda.

Stjórn Reykhóla hses. úthlutar íbúðunum eftir að farið hefur verið yfir allar umsóknir.

Almennum íbúðum er úthlutað samkvæmt forgangsröðun Reykhóla hses. og á grundvelli sérstakrar stigagjafar út frá forgangsröðun.

Allar upplýsingar vegna umsókna eða úthlutuna verður farið með sem trúnaðarmál samkvæmt lögum um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga nr.77/2000.

Samþykkt Reykhólum 12. ágúst 2020.

Stjórn Reykhóla hses